

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1566/2000

2002/EES/53/01

frá 18. júlí 2000

um breytingar á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1437/2000 ⁽²⁾, einkum a-lið 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er mælt fyrir um að einungis megi markaðssetja afurðir sem eru fluttar inn frá þriðja landi ef þær eru upprunnar í þriðja landi sem er tilgreint í skrá sem er samín í samræmi við viðmiðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þeirrar greinar. Þessa skrá er að finna í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 548/2000 ⁽⁴⁾.
- 2) Áströlsk yfirvöld hafa farið fram á það við framkvæmdastjórnina að nýjum eftirlits- og vottunaraðila verði bætt við í skrána í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 94/92.

3) Áströlsk yfirvöld hafa látið framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar tryggingar og upplýsingar til að sjá til þess að hinn nýi eftirlits- og vottunaraðili uppfylli viðmiðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 94/92/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB L 180, 19.7.2000, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 21, 25.4.2002, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 161, 1.7.2000, bls. 62.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 67, 15.3.2000, bls. 12.

VIÐAUKI

Í stað 3. liðar þar sem vísað er til Ástralíu komi eftirfarandi texti:

„Eftirlitsaðilar:

- Australian Quarantine and Inspection Service (AQIS) (landbúnaðar-, fiskvinnslu- og skógarnytjadeild)
 - Bio-dynamic Research Institute (BDRI)
 - Biological Farmers of Australia (BFA)
 - Organic Vignerons Association of Australia Inc. (OVAA)
 - Organic Herb Growers of Australia Inc. (OHGA)
 - Organic Food Chain Pty Ltd (OFC)
 - National Association of Sustainable Agriculture, Australia (NASAA)“
-

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 436/2001

2002/EES/53/02

frá 2. mars 2001

um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91/EBE frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2020/2000 ⁽²⁾, einkum annarri undirgrein 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, hafa tiltekin aðildarríki, frá því 1997, lagt fram upplýsingar í því skyni að breyta tilteknum ákvæðum II. viðauka.
- 2) Moltnað húsasorp og moltnaðar blöndur úr jurtaefni eru afurðir sem voru, fyrir samþykkt reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, í almennri notkun í samræmi við reglur, sem tíðkast í bandalaginu, um góðar starfsvenjur í lífrænum búskap. Eins og sakir standa fást þessar afurðir einnig eftir annars konar gerjun en myltingu, einkum eftir loftfirrt gerjun vegna framleiðslu lífgass. Breytingar á þessum afurðum eru brýnar í ljósi komandi ræktunartímabils en á því tímabili er hugsanlegt að nota þessar afurðir sem næringarefni í áburði með þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við reglugerðina. Loftfirrt gerjun vegna framleiðslu lífgass er ferli sem er í grundvallaratriðum í samræmi við umhverfisverndarmarkmið lífræns búskapar.

- 3) Nauðsynlegt er að leiðrétta heiti afurðarinnar „basískt gjall“ á nokkrum tungumálum þannig að það vísi í öllum tilvikum til sömu afurðar. Ennfremur hefur komið í ljós að það láðist að geta afurðarinnar í portúgalskri útgáfu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2381/94 ⁽³⁾ en með þeirri reglugerð var A-hluta II. viðauka komið á. Úr þessari niðurfellingu verður því að bæta.
- 4) Reynslan af notkun kalkleðu úr sykurfarmleiðslu í lífrænum búskap hefur sýnt að ástæða er til að heimila áframhaldandi notkun hennar eftir 31. mars 2002.
- 5) Margar efnablöndur pýretrína, dregnar út úr *Chrysanthemum cinerariaefolium*, innihalda hjálpar efnið píperónýlbútoxið. Af þessum sökum er rétt að herða reglurnar um notkunarskilyrði þessara efnablandna.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyta skal II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún skal koma til framkvæmda þegar í stað.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 63, 3.3.2001, bls. 16, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 21, 25.4.2002, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 241, 26.9.2000, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 255, 1.10.1994, bls. 84.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þeim hluta viðaukans sem ber fyrirsögnina „A. ÁBURÐAREFNI OG JARÐVEGSNÆRING“:

a) Í stað ákvæða í töflunni um að „moltnað húsasorp“ sé talið með komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Moltnað eða gerjað húsasorp“	<p>Afurð fengin úr flokkuðu húsasorpi, sem hefur verið moltnað eða beitt loftfirrtri gerjun til að framleiða lífgas</p> <p>Aðeins úrgangur úr jurta- og dýraríki</p> <p>Eingöngu ef það er framleitt í lokuðu söfnunarkerfi sem er undir eftirliti og viðkomandi aðildarríki samþykkir</p> <p>Hámarks magn í mg/kg af þurrefni: kadmíum: 0,7; kopar: 70; nikkell: 25; blý: 45; sink: 200; kvikasilfur: 0,4; króm (alls): 70; króm (VI): 0 (*)</p> <p>Þörfin viðurkennd af eftirlitsaðila eða -yfirvöldum</p> <p>Aðeins á tímabili sem lýkur 31. mars 2002</p>

(*) Ákvörðunarmörk“

b) Í stað ákvæða í töflunni, um að moltnaðar blöndur úr jurtaefni séu taldar með, komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Moltnaðar eða gerjaðar blöndur úr jurtaefni“	<p>Afurð fengin úr blöndum jurtaefnis, sem hafa verið moltnaðar eða beitt loftfirrtri gerjun vegna framleiðslu lífgass</p> <p>Þörfin viðurkennd af eftirlitsaðila eða -yfirvöldum“</p>

c) Í danski, þýskri, grískri, hollenski, sænski og finnski útgáfu töflunnar skal eftirtöldum heitum skipt út:

- í stað heitisins „Thomasslagger“, í dönsku útgáfunni, komi „Jernværksslagger“,
- í stað heitisins „Thomasphosphat“, í þýsku útgáfunni, komi „Schlacken der Eisen- und Stahlzubereitung“
- í stað heitisins „Σκωρίες αποφωσφατώσεως (σκωρίες του Θωμά)“, í grísku útgáfunni, komi „Σκωρίες αποφωσφατώσεως“,
- í stað heitisins „Thomasslakkenmeel“, í hollensku útgáfunni, komi „Metaalslakken“,
- í stað heitisins „Tuomaskuona“, í finnsku útgáfunni, komi „Kuona“,
- í stað heitisins „Basisk slag (Thomasslag)“, í sænsku útgáfunni, komi „Basisk slag“.

d) Í portúgalski útgáfu töflunnar skal eftirtalinni afurð skotið inn á eftir „Fosfato de aluminio e calcio“:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Escorias de desfosforação“	Necessidade reconhecida pelo organismo de controlo ou pela autoridade de controlo“

- e) Í stað ákvæða í töflunni um að „kalkleðja úr sykurfraðleiðslu“ sé talin með komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Kalkleðja úr sykurfraðleiðslu“	Þörfin viðurkennd af eftirlitsaðila eða -yfirvöldum“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni sem ber titilinn „1. Efni úr jurta- eða dýraríki“ í þeim hluta sem ber fyrirsögnina „B. VARNAREFNI“:

Í stað ákvæða í töflunni, um að „Pýretrín, útdráttur úr *Chrysanthemum cinerariaefolium*“ sé talið með, komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Pýretrín, útdráttur úr <i>Chrysanthemum cinerariaefolium</i> “	Skordýraeitur
	Þörfin viðurkennd af eftirlitsaðila eða -yfirvöldum“